

**Nd.**

## **65. Nefndarálit**

um frv. til laga um mótak.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um, að þörf sje á, eins og nú stendur, að setja lagaákvæði, er fyrirbyggi, að mótak verði selt óhæfilega hátt. Hins vegar þótti nefndinni eigi nægilega trygður rjettur eigenda eða umráðamanna mólanda í ýmsum greinum, og leggur því til, að töluverðar breytingar verði gerðar á frv., og miða þær allar í þá átt að tryggja þennan rjett.

Þetta eru

### **BREYTINGARTILLÖGUR**

nefndarinnar.

1. Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ágreiningur verður milli eiganda eða umráðamanns mólands og þess, er óskar mótaks, um, hvort hinum siðarnefnda sje nauðsyn á mótaki á þeim stað eða hvar í landinu megi þurka og geyma mó, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem mólandið er, skera úr, og verður þeim úrskurði eigi áfrýjað. Meðan nægilegt móland er innan takmarka hrepps eða kaupstaðar, er óheimilt mótak utan þeirra takmarka, nema aðiljar sjeu ásáttir um.

2. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Gjald fyrir mótak, þurkun mós, upphleðslu, geymslu, hnausstungu, torfristu og átroðning, skulu hinir kvöddu menn meta eftir gæðum mós, þykt hans, legu mólands og gæðum, og yfirleitt öllu, sem máli skiftir um verðmæti hans og mólandsins. Þó má gjaldið venjulega eigi vera hærra en 10% umfram það gjald, sem tekið var fyrir mótak á þeim stað árið 1917; en hafi enginn mór þá verið tekinn þar, skal hafa hliðsjón af slíku gjaldi á því ári í sama bygðarlagi. Nú er móland leigujarðar tekið samkvæmt lögum þessum, og skiftist gjaldið þá milli landsdrottins og leiguliða, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður eða bæjarfógeti kveður til þess, nema aðiljar komi sjer saman um skiftinguna.

3. Við 4. gr.

Greinin falli burt, en í hennar stað komi ný 4. grein, svo hljóðandi:

Sá, sem fær mótak samkvæmt lögum þessum, er skyldur til að ganga þannig frá mógröfum, að skepnum stafi eigi veruleg hætta af.

Með þessum breytingum ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frv.

Alþingi, 6. maí 1918.

Einar Arnórsson,  
formaður.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari og framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.